



Nefndarsvið Alþingis
Atvinnuveganefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

148. löggjafarþing 2017–2018. Þingskjal 616 — 433. mál.
Stjórnarfrumvarp.

Reykjavík, 18. apríl 2018.

**Efni: Umsögn Landssambands veiðifélaga um frumvarp til laga.
Breytingar á ýmsum ákvæðum laga um Fiskræktarsjóð.**

Í greinargerð með fyrirbyggjandi frumvarpi kemur fram að starfshópur var skipaður af ráðherra til að fjalla um nauðsyn þess að starfrækja Fiskræktarsjóð í óbreyttri mynd að beiðni Landssambands veiðifélaga. Greinar fyrirbyggjandi frumvarps taka mið af niðurstöðum og tillögum hans. Fiskræktarsjóður starfaði lengst af á grundvelli fyrirmæla laga um lax- og silungsveiði og yfir sjóðnum var stjórn sem fór með málefni hans að öllu leyti. Sú breyting var gerð með lögum nr. 72/2008 að Fiskistofu var falin álagning og innheimta árgjalda á veiðifélög, en ákvörðun styrkveitinga var eftir sem áður á hendi stjórnar. Líkt og fram kemur í greinargerð hefur þeim verkefnum sem sjóðurinn var stofnaður til að sinna fækkað s.s. gerð fiskvega. Þörfin fyrir sérstakan sjóð til að sinna fiskrækt á Íslandi hefur því minnkað. Af þeim sökum telur Landssamband veiðifélaga rétt að breyta lögum um Fiskræktarsjóð með þeim hætti sem fyrirbyggjandi frumvarp gerir ráð fyrir og gerir þau sjónarmið sem koma fram í greinargerð með frumvarpinu að sínum.

Þá vísast einnig til þess að frumvarp um breytingar á lögum um markaðar tekjur liggur nú fyrir Alþingi. Með frumvarpinu er ráðgerð sú breyting að árgjald það sem veiðifélög hafa greitt til Fiskræktarsjóðs breytast frá því að vera árgjöld að inntaki í skatttekjur ríkissjóðs. Slíkt var aldrei ætlunin þegar Fiskistofa tók við því hlutverki að leggja árgjöldin á veiðifélög og annast einheimtu þeirra. Vísar Landssamband veiðifélaga til fyrirbyggjandi umsagnar Landssambandsins um 167. mál á þingskjali nr. 241 þar sem nánar er fjallað um framangreint.

Landssamband veiðifélaga mælir með því að frumvarpið verði samþykkt óbreytt.

Virðingarfyllst,
fh.

Landssambands veiðifélaga

Jón Helgi Björnsson,
formaður LV